

Erindisbréf

Starfshópur um stefnu í aðgengismálum í Hafnarfirði

Hlutverk:

Hópurinn er starfshópur um stefnu í aðgengismálum í Hafnarfirði.

Meginverkefni hópsins er:

- Marka heildstæða stefnu í aðgengismálum í Hafnarfirði, allt frá aðgengi að byggingum og almenningsrýmum til aðgengis að upplýsingum og þjónustu bæjarfélagsins. Stefnunni skal fylgja tillaga að innleiðingarætlun.

Stýrihópurinn skal hefja störf eftir að bæjarráð hefur skipað í hópinn. Stýrihópurinn starfar í umboði bæjarráðs. Lokaskýrsla með tillögu að stefnu er áætlað að liggi fyrir og verði skilað til bæjarráðs fyrir lok september 2021.

Skipulag:

Greitt verður fyrir fundarsetu skv. reglum bæjarfélagsins þar að lútandi. Skrá skal í fundargerðir öll þau atriði og ákvarðanir sem skipta kunna máli í tengslum við störf hópsins.

Stýrihópurinn tekur þegar til starfa og skal starfstími hans miðast við lokaskýrslu og eftirfylgni hennar.

Skipan hópsins:

1 fulltrúi frá meirihluta

1 fulltrúi frá minnihluta.

Starfsmenn stýrihópsins eru:

Fulltrúar mennta- og lýðheilsusviðs

Fulltrúi fjölskyldu- og barnamálasviðs

Fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs

Fulltrúi þjónustu- og þróunarsviðs

„Í starfi sínu skal hópurinn hafa til hliðsjónar jafnréttis- og mannréttindastefnu Hafnarfjarðarbæjar sem hefur það að markmiði að virða mannréttindi. Kynja- og jafnréttissjónarmið skal samþætt allri starfsemi bæjarins og jafnrétti meðvitað haft í huga við alla stefnumótun og ákvarðanatöku.“

Erindisbréf samþykkt í bæjarráði 25. mars 2021.